Aðalfundur Landeigenda Álftu og Grunnavíkurhrepps haldinn 27-4 '91 kl 13³⁰ í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju.
Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. og bað Birgir G. Albertsson að taka við fundarstjórn.

Gengið var til dagskrár fundarinns.
1. Skýrsla stjórnar sem formaður Sigurður Jónsson flutti.
Vísað er til skýrslunar sem geymd er í skjalasafni félagsinns.
Umræður um skýrslu stjórnar.
Birgir Albertsson spurði hvort mikið væri af rusli á Straumnesfjalli frá tímum herstöðvarinnar.
Sigurður sagði að þrjú hús væru uppistandandi og væru þau full af rusli, í svonefndum Grasdal er stór og dreifður ruslahaugur, sem er til lýta í umhverfinu. Þá er nokkuð af ruslum þar sem veggir eru uppistandandi.
Það má segja að það sé mikið af rusli vítt og breitt um Straumnesfjallið.
Sigurður telur mjög brýnt að hreinsa til á fjallinu

Spurning kom um það hvort ætti að rífa allar myndir um radarstöðina. Þorvarður taldi ekki æskilegt að eitthvað hússanna yrði látið standa sem minjar um þær framkvæmdir sem voru á Straumnesfjalli á þessum árum.

2. Reikningar.
Kristinn Gíslason gjaldkeri skýrði reikninga félagsins frá 1-1. 1989. til 31-12 1990.
Tekjur kr. 84605.62.
Gjöld kr. 39252.00.
Tekjuafgangur kr. 45352.62.
Höfuðstóll 31-12. 90 kr. 153,997.36.
Reikningarnir voru samþ. samhljóða.

3. Stjórnarkjör.
Stjórnin frá síðasta kjörtímabili var endurkjörin hana skipa Þorvarður Jónsson formaður. Hans Hilarínusson ritari Kristinn Gíslason gjaldkeri
aðrir í stjórn eru Sumarliði Sturlusson
Magnús Reynir Guðmundsson.
Varastjórn Ásgeir Jónsson Guðmundur Halldórsson Þórður Júlíusson

4. Endurskoðendur.
~~Kristján Jónasson~~ Magnús Guðmundsson
til vara) Sigríður Guðmundsdóttir
Sævar Geirsson. Kristján Jónasson

5. Árgjald.
Árgjald verði kr 500 á ári og innheimtist
á einum seðli fyrir tvö ár.
Samþ. samhljóða

6. Tillögur um breytta auglýsingu um
friðland á Hornströndum.
Þorvarður Jónsson gerði grein fyrir
þeim breytingum sem fyrirhugaðar
eru í auglýsingu Náttúruverndarráðs
um friðland á Hornströndum.
Breyting á 4 grein.
4 grein hljóði svo: N.V.R. getur veitt leyfi
fyrir umferð vélknúinna farartækja
um vegi og slóða í friðlandinu
Akstur utan þeirra er óheimil.

6 grein hljóði svo. Gangandi fólki er heimil
för um svæðið. Þó er skylt að ganga
þannig um að ekki sé breytt lífríki né
spillt jarðmyndunum og mannvirkjum

Ferðamenn skulu ávallt taka með
sér til byggða sorp sem þeim fylgir,
eða brenna í til þess ætluðum
ofnum sem nú eru á Látrum og
í Hornvík.
Ganga skal snyrtilega um kamra
og gæta þess að loka hurðum
vandlega þegar þeir eru yfirgefnir,
vegna fokhættu.
Ávallt skal ganga snyrtilega frá
náttstað, t.d. skilja ekki eftir
grjót sem hlaðið hefur verið að
tjöldum á grónu landi.

7 gr. Komi Óheimilt er að hlaða nýjar
vörður.

8 grein. Óheimilt er að beita búpeningi
á friðlandið, og ferðir á hestum eru
óheimilar.
9. grein. Á tímabilinu 15 april til 15 júní
ár hvert þarf leyfi náttúruverndarráðs
til ferðalaga um svæðið. Þessi ákvæði
tekur þó ekki til ferða landeigenda.
10 grein. Náttúruverndarráð setur nánari reglur
viðvíkjandi umferð um friðlandið

og um afnot landeigenda á eignum sínum þar.

Vernharður Guðnason tók til máls og mótmælti 10 gr. Þar sem ekki er vitað hvað felst í greininni meðal annars um afnot eignum sínum þar.

Þorvarður telur einga hættu felast í greininni til óhagræðis fyrir landeigendur. Komi eitthvað til sem N.V.R. myndi gera í þessu sambandi yrði það lagt fyrir Hornstrandanefnd.

Gísli Már Gíslason fulltrúi frá N.V.R. Þakkaði stjórn Landeigendafélagsins fyrir gott samstarf í Hornstrandarnefnd.

Gísli las úr lögum N.V.R. um friðlýsingu svæða á Íslandi.
Sagði meðal annars að markmið friðlýsingar að vernda gróðurfar og nýtingu á svæðunum.
Gísli sagði að N.V.R. hefði engan áhuga á að takmarka eða banna landeigendum afnot af eignum sínum á svæðinu.

Sævar Geirsson gerði athugasemdir við 4 grein um velkominn. Farartæki telur að ekki sé hægt að amast við snjósleðaferðum.

9 gr. um að óheimilt sé að hlaða nýjar vörður. Sævar segist ætla að hlaða nýjar vörður í Rekavík bak Látur

10 gr. telur að ekki eigi að vera í greininni að um afnot landeigenda þurfi leyfi N.V.R.

Ábending kom um staðsetningu á salernum sé höfð við landeigendur á hverjum stað..

Hallvarður Guðlaugsson óskaði eftir því að aukin sé varsla á svæðinu.

Gísli H. Gíslason sagði að Hornbjarg Hælavíkurbjarg og Látrabjarg væru dýrmætustu perlur Íslands og taldi nauðsynlegt að hafa reglur um umferð á friðlýsta svæðinu Hann taldi að það þyrfti ekki að

ótlast 10 grein um afnot landeigenda
á eigum sínum.

Vernharður Guðnason lagði fram breitingu
við 10 grein komi ~~að~~ Séð höfðu samráði
við L.S.G.
að 10 grein hljóði svo.
Náttúruverndárráð setur nánari reglur
viðvíkjandi umferð um friðlandið, og um
afnot landeigenda á eignum sínum þar
að höfðu samráði við L.S.G.
Samþ. samhljóði
Birgir Albertsson taldi að viðhorf fólks
til náttúruverndar á Íslandi hefði
breist, sagðist þó rekast á svæði
sem engin takmörkun á umferð væri.
Upp úr 1955 saas viðhorf manna að
allt væri korotið og kamlað og ekkert
var óhult.
Varðandi Dikk Filips taldi Birgir
að sú gagnrúni sem víða hafi komið
fram á hann sé ekki réttmæt og
sanngjörn í flestum tilfellum.
Birgir þakkaði góða fundarsetu 22 mættir.
Guðvarður þakkaði hlý orð í garð stjórnar.
Fleira ekki gert fundi slitið kl 16⁰⁰
Hans Hilaríusson ritari.